
Mikill fjöldi viðstaddur opnun sýningar á verkum Yoko Ono

Um fimmtán hundruð gestir sóttu opnun sýningar á verkum eftir Yoko Ono og aðra Fluxuslistamenn á Kjarvalsstöðum á laugardaginn, og er það mesti fjöldi sem hefur verið viðstaddur opnun á vegum Listasafna Reykjavíkur. Alls sóttu um tvö þúsund manns sýninguna þann dag og svipaður fjöldi á sunnudag. Gunnar B. Kvaran forstöðumaður flutti ávarp við opnunina og Hulda Valtýsdóttir formaður menningarmálanefndar opnaði sýninguna formlega. Þá ávarpaði Yoko Ono einnig gesti stuttlega, bauð þá velkomna og þakkaði fyrir móttökurnar.




Morgunblaðið/Einar Falur

Við opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum á laugardag. Frá vinstri eru: Hulda Valtýsdóttir, formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur, Gunnar B. Kvaran, forstöðumaður Listasafna Reykjavíkur, Ina Blom og Jon Hendrics, sem önnuðust uppsetningu sýningarinnar, og Yoko Ono.

Sýningarnar hafa vakið mikla athygli, enda um margt skemmtilegar, og voru þeir ófáir gestirnir sem lögðu leið sína á Kjarvalsstaði um helgina. Yoko Ono, sem kom til landsins til að vera viðstödd opnun sýningarinnar, hefur haft í mörgu að snúast undanfarna daga. Á föstudagskvöldið hitti hún nokkra listamenn á Kjarvalsstöðum, við það tækifæri fékk hún fjóra þeirra til að teikna eftir skugga sínum á vegg, og áritaði hún teikninguna síðan með viðkomandi listamanni. Þá braut hún austurlenskan vasa og bauð gestum að taka sér brot og mæltist til þess að hópurinn hittist aftur að tíu árum liðnum og setti vasann aftur saman. Á laugardagskvöldið bauð borgarstjórinn, Davíð Oddsson, Yoko til samsætis og á sunnudag var farið í skoðunarferð um Suðurland, og meðal annars gróðursett tré í Vinaskógi. Í gær héldu Yoko og fylgdarlið í Bláa lónið og skoðuðu listasöfn.



Á föstudagskvöldið hitti Yoko Ono nokkra íslenska listamenn á Kjarvalsstöðum og fékk þá fjóra þeirra til að teikna eftir skugga sínum á vegg. Hér er það Harpa Björnsdóttir sem stýrir pennanum.



Davíð Oddsson borgarstjóri hélt Yoko Ono og fylgdarmönnum hennar hóf á laugardagskvöldið. Þá var fylgst með rokksýningu á Hótel Íslandi. Á myndinni sést Yoko sitja milli borgarstjórahjónanna, Davíðs og Ástríðar Thorarensen.

Heimsklúbburinn:

Erindi um S-Afríku

INGÓLFUR Guðbrandsson ræðir um Afríku, kynnir heimsreisu þangað í nóvember og sýnir myndir á kynningu Heimsklúbbsins á Hótel Sögu á morgun, miðvikudag.

Í frétt frá Heimsklúbbnum segir, að sökum fjölbreytni sinnar og fegurðar sé Suður-Afríka oft kynnt með orðunum „Heill heimur í einu landi". Verðlag þar sé einstaklega lágt og því sé spáð að landið verði í framtíðinni eitt helsta ferðamannaland heims. Fyrst og fremst sé það óskaland náttúruskoðandans og ljósmyndarans, en þar séu líka spennandi borgir og fagrar baðstrendur, auk þess sem það sé gósenland sælkera.

Kynning Ingólfs Guðbrandssonar á Suður-Afríuku hefst klukkan 16 á morgun í Ársal Hótel Sögu og er aðgangur ókeypis.

(Úr fréttatilkynningu)

Fyrirlestur um kennslufræði

PRÓFESSOR Erik Wallin heldur fyrirlestur við Kennaraháskóla Íslands í stofu B-201 fimmtudaginn 2. maí kl. 16.00. Heiti fyrirlestrarins er: Kennslufræði – Hvorki fugl né fiskur? Þáttur kennslufræði í kennaramenntun og skólastarfi. Fyrirlesturinn er öllum opinn.

Erik Wallin dvelur hér á landi dagana 1.-8. maí. Hann er prófessor við Uppsalaháskóla í Svíþjóð og staddur hér til að skoða framhaldsskóla. Hann hefur mikla reynslu af skólamálaumræðu og þróun skólamála síðustu áratugi í heimalandi sínu. Auk þess hefur hann stjórnað mörgum rannsóknarverkefnum er tengjast ólíkum sviðum skólastarfs.

(Úr fréttatilkynningu)

Sýningum á Pétri Gaut fer fækkandi

SÝNINGUM Þjóðleikhússins á Pétri Gaut fer nú fækkandi. Fjórar sýningar eru eftir og verða þær 2., 4., 10. og 14. maí. Í fréttatilkynningu frá Þjóðleikhúsinu kemur fram, að lofsamlegum orðum hafi verið farið um sýninguna í norskum og sænskum blöðum.

Í fréttatilkynningunni er vitnað í dóma hinna erlendu blaða og er þar sérstaklega fjallað um frammistöðu Arnars Jónssonar í hlutverki Péturs Gauts, Þórhildar Þorleifsdóttur, leikstjóra og Sigurjóns Jóhannssonar, höfundar leikmyndar. Einnig er vikið að tónlist Hjálmars H. Ragnarssonar, sem sögð er einföld, en fögur og frumleg.



Stjórn NEMA, talið frá vinstri: Bárður Tryggvason, Inga Sólnes, formaður, Guðmundur Arnaldsson, Ólöf Pálsdóttir, ritari, Aðalsteinn Steinþórsson, gjaldkeri, Bergþóra Einarsdóttir og Kristjana Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Helga Hjálmsson og Kristínu Steinsdóttur.

Vorfagnaður NEMA

HINN árlegi vorfagnaður Nemendasambands Menntaskólans á Akureyri verður haldinn á Hótel Borg föstudaginn 3. maí kl. 19.

Ræðumenn kvöldsins verða Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttamaður og skáld (stúdent '81) og Steinunn Jóhannesdóttir leikkona og rithöfundur (stúdent '67). Reynir Jónasson tónlistarmaður (stúdent '53) stjórnar fjöldasöng og hljómsveit Ingimars Eydals leikur fyrir dansi.



EVRÓPUMARKAÐSHYGGJAN

HAGSMUNIR OG VALKOSTIR ÍSLANDS

Eftir dr. Hannes Jónsson, fv. sendiherra



Kynnið ykkur allar hliðar Evrópumarkaðsmálanna í traustu, óháðu og aðgengilegu heimildarriti. Höfundur gerir sannsýna heildarúttekt á hagsmunum Íslands í gömlu Evrópu 18 nýlenduríkja og í stærri heimi 170 ríkja. Yfirgripsmikið efni sett fram á lipru máli og í myndum, myndritum, teikningum og töflum svo lesandi geti sjálfur sannreynt hvort gróði eða tap, sjálfstæði eða fullveldisafsal fylgi aðild að Efnahagssvæði Evrópu og EB. Ómissandi innlegg í Evrópumarkaðsumræðuna. 118 bls. kilja. Fæst hjá flestum bóksölum og útgefanda.

Verð kr. 1.000,- Pöntunarsími (91)75352.

BÓKASAFN FÉLAGSMÁLASTOFNUNARINNAR
Pósthólf 9168 – 109 Reykjavík – Sími 75352